

# FÉLAG ÍSLENSKRA SKIPSTJÓRNARMANNA

Alþingi

Erindi nr. **P** 128/748

komudagur 14.1.2003

Samgöngunefnd Alþingis  
Hr. nefndarritari Ágúst Geir Ágústsson  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 10. janúar 2003.  
c:/2003/alþingi/eftirlit

**Efni: Frumvarp til laga um eftirlit með skipum 360. mál, heildarlög, EES reglur.**

Félag íslenskra skipstjórnarmanna hefur yfirfarið umrætt frumvarp og lýsir yfir ánægju með þann umsagnarrétt sem því er heimilaður og er umsögn félagsins gerð í samráði við Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.

Félagið gerir fyrir sitt leiti eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir:

Að 3. mgr. 15. gr. verði orðuð þannig:

*Landhelgisgæslan annast skoðanir á hafi úti samkvæmt nánari samstarfssamningi við Siglingastofnun Íslands.*

Að 21. gr. frumvarpsins verði breytt þannig:


*Siglingamálastjóri getur lagt farbann á skip svo og þeir starfsmenn Siglingastofnunar Íslands sem siglingamálastjóri hefur sérstaklega veitt til þess umboð. Einnig getur skipherra Landhelgisgæslunnar lagt farbann á skip og fært til hafnar ef fram kemur við skoðun á hafi úti að skip og áhöfn uppfyllir ekki ákvæði 2. mgr. 15. gr. og 17. gr. laga þessara. Skal tilkynna siglingamálastjóra þegar um farbann sem lagt er á.*

Greinargerð:

Samvæmt lögum um Landhelgisgæslu Íslands nr. 25/1967, staflað a) 1. gr. er ótvírætt að Landhelgisgæslan fer með löggæslu á hafinu umhverfis Ísland jafnt innan sem utan landhelginnar. Samkvæmt 16. gr. laga nr. 43/1987 um lögskráningu sjómanna, með áorðnum breytingum er starfsmönnum Landhelgisgæslunnar einnig heimilt að fara um borð í íslensk skip á siglingu og kanna lögmæti lögskráningar og skilríki um réttindi yfirmanna. Því telur félagið brýnt að hlutverk Landhelgisgæslunnar í eftirliti með skipum á hafi úti sé hafið yfir allan vafa með skýrum hætti í frumvarpinu og að eftirlitið fari ekki síður fram á hafi úti en í höfnum landsins. Dýrkeypt reynsla af slysum á sjó, hérlendis sem erlendis, svo og stærri mengunaróhöppum, sýnir að til hafs hefur verið haldið óhaffærum skipum, vanmönuðum skipum og skipum sem fara utan leyfilegs farsviðs.

f.h. Félags íslenskra skipstjórnarmanna

Virðingarfyllt

  
# Guðjón Petersen